

Fundur 17.2.2025 Chi Ling frá Kóreu var uppi fyrir ca 4000 árum.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Já góða kvöldið, velkominn.*

Heilsa ég ykkur frá stjórnusambandsstöð og er hér grænn og mikill gróður og höfum við margsinnis á ævi okkar hér, hlustað á fundi þar sem fólk talar frá stjórnusambandsstöðvum sem staðsettar eru hátt uppi á fjöllum.

En hóll þessi sem við erum stödd uppi á, er manngerður og hefur myndast á löngum tíma, byggði þjóðflokkur nokkur hér fyrir margt löngu og skildi eftir sig nokkurs konar grafhvelfingar og oná þær byggðar það sem nefnt er píramídar á ykkar máli.

Og var það síðar hrunið fyrir löngu og annað byggt á þeim grunni og landið orðið grasi vaxið og gefur það okkur aukna mögnun.

Hér í kvöld ætluðum við að hjálpa ykkur til við að fá samband við þjóð þá sem hafði miki áhrif á ykkar menningu og hefur frá ýmsu að segja, en saga hennar er margslungin orðin og ekki eru allir þeir framliðnu einstaklingar auðfengnir í samband, þar sem þeir eru hluti af heimsveldi sem heldur sig út af fyrir sig.

En nokkrir af þeim sem upplifðu þá fornu tíma og myndu vera stórmerkilegir til frásagnar fyrir ykkur, hafa fram komið á lífstefnu jörðum ykkar og hafa sagt sögu sína, en vandræði hefur verið að vekja minni þeirra aftur.

Og erum við að tala um gyðinga og þeirra sögu og ferðir Bobby Fishers á þær slóðir og björgunarleiðangur sem fékk þessa einstaklinga til að tjá sig, aðeins brot þeirra.

En margir eru leyndardómarnir enn þá sem umlykja þessa sögu, þessarar merkilegu þjóðar og fyrstu tímana þegar Jahve kom fram, en sumar af þeim frásögnum sem við höfum heyrt frá þessu fólki sem þarna bjó, hafa verið mjög fróðlegar og veitt okkur nýjar upplýsingar.

Og ætluðum við að reyna að hafa það næsta samband hér á eftir, maður sem heitir Daníel en er þó ekki spámaðurinn frægi, heldur annar og hefur minni hans verið endurheimt að all miklu leiti.

En kannski náum við ekki að koma honum í gegn, er ég ekki af þeirri þjóð, heldur var ég uppi á jörðinni á öðrum stað og öðrum tíma, en viljum gjarnan koma þessu sambandi í gegn og ef okkur tekst ekki að koma þessu sambandi hér í kvöld, vil ég koma með nokkurn úrdrátt úr máli hans.

Hann var uppi á þeim tíma þegar gyðingar voru í Egyptalandi og Móse kom fram og var þá uppi ætt Faraóa sem ekki voru af jarðneskum uppruna, eins og myndir ykkar sýna frá þessum tíma, ef þær eru rétt túlkaðar.

Og voru það tilraunir Jahve og annara eldri Guða til að búa til nýtt mannkyn og koma fram ýmsum eiginleikum, sem sumir hafa erfst til ykkar og annara þjóða en sumir hafa dáíð út í tímans rás.

Maður þessi sem við viljum reyna að koma á sambandi við, hefur ekki enn þá fullt minni og er því hætt við því að ræða hans yrði sundurlaus, en við reynum að magna hann og vonum þótt hann komi ekki fram hér í kvöld, verði það síðar, því þetta er mikilvægt að þið heyrið og myndi það hjálpa ykkur að skilja þessa sögu betur.

En nóg um það, ég kem frá Kóreu og nafn mitt er Chi Ling, var ég uppi nokkuð fyrr í sögunni, en ekki svo mjög.

Höfum við lifað ágætu lífi og tók ég upp á því að fórna mér viljandi fyrir ættingja mína og stíga niður af sældarlífi sem ég hafði lifað á mörgum framlífs hnöttum, eftir að hafa tignað okkar fornu Guði.

Og á þeim framlífs hnetti sem ég er á nú, hafa verið uppreisnir og margvíslegir þjóðflokkar, já ég var uppi í suður Kóreu fyrir um það bil fjögur þúsund árum á jörðinni, og var bóndi eins og margir og fjölgyðistrú og hélt ég því áfram.

Já við reynum að magna þennan mann til að koma fram á ykkar fundi og höfum við reynt að hjálpa hans þjóð til að komast á lífstefnubraut og losna undan helstefnu áhrifum.

Verið þið sæl, þakka ég fyrir mig.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna.*